



HUGLEIÐINGAR UM JÓNAS

**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á hátíðinni
„Hún söng dirrindi“
Dagskrá um Jónas Árnason
og Guðrúnu Jónsdóttur**

**Logalandi í Reykholtssdal
28. maí 2015**

Ágæta fjölskylda
og aðrir samkomugestir

Það er vel til fundið að koma saman og minnst Jónasar Árnasonar og hans góðu og ljúfu konu Guðrúnar, sæmdarhjóna sem settu svip á þjóðlíf og hérað, ófu strengi í ævi okkar allra. Og ánægjulegt að hafa tilefni til að rifja upp liðna tíma þótt vandi sé að velja áherslur í ávarp af þessu tagi, bæði vegna þess hve margslunginn Jónas var og hve nákominn við erum verkum hans og lífi; arfleifðin í raun orðin samgróin menningu og gleðistundum Íslendinga.

Var Jónas róttækur baráttumaður, íslenskur sjálfstæðissinni, sósíalisti eða heimismaður í stíl og háttum sem gerði efnivið úr dvöl sinni í Ameríku að vopni gegn veru hersins? Var hann sjómaðurinn sem gerðist vinur bænda og blaðamaður; leiðtogi grasrótarinnar sem ruddi nýjar brautir í táknrænum málflutningi, kannski fyrsti gjörningamaðurinn í stjórnámálum landsins; skáld og rithöfundur sem leiddist þegar vísitölupjarkið tók völdin í söllum Alþingis en samt þingmaður sem kosinn var aftur og aftur því fólkinu fannst hann vera einn af þeim; þó var hann grein af meiði ættarvelda sem löngum hafa einkennt íslensk stjórnámál; hafði bæði átt föður og afa á þingi; var líka kennari á nokkrum

stöðum og skildi vel tengsl menntunar við lífsbaráttu sjávarpláss og sveitahéraðs – var Jónas kannski allt þetta og meira til?

Það hefur um hríð verið tíðkað að halda á lofti mynd af hinum dæmigerða þingmanni og samkvæmt henni á Alþingi að vera vinnustaður þar sem skrifstofur, starfsaðstaða, sérfræðideildir og aðstoðarfólk skipta öllu máli og dagskrá er í föstum skorðum, vinnuferlið eins og í vel skipulagðri verksmiðju; umræðulok helst ávallt á réttum tíma.

Þegar Jónas kom fyrst á þing, ungur og óvænt kjörinn á Seyðisfirði, fimm árum eftir lýðveldisstofnun og á tímum þegar táragsið umlukti átökin á Austurvelli, var Alþingi enn fyrst og fremst vettvangur hinna lýðræðislegu átaka og ábyrgðar; fólkið fyrir austan og róttækir baráttuhópar víða um land, verkalýðsfélög, fjöldahreyfing í þágu friðar, hugsjónaríkir rithöfundar; það bakland sem skipti hann mestu máli; borðið og stóllinn í þingsalnum reyndar eina starfsaðstaðan; þar varð að geyma öll skjölin og svo minnismiða í skúffunni; þingmenn meira úti á meðal fólksins en innilokaðir hver með öðrum.

Þeir þættir þjóðmálabaráttunnar sem Jónas kunnir flestum betur að nýta voru fundir og ferðalög um héruðin, rökræður á bryggjum og niðri í bátum, skrif í blöðin og útgáfa bóka; allt hlekkir í órofa keðju enda skilin á milli stjórnmála, mannlífs og menningar ekki til í huga hans.

Jónas birti líka í persónu sinni og uppruna, orðræðu og tilvísunum, sjálfstæðishreyfingu fyrri tíðar, baráttu sem rekja mátti til Fjölnis og Nýrra félagsrita; kröfurnar um sjálfsforræði frjálsrar þjóðar voru efniviður sem hann tengdi svo við friðarmálstað þegar hersetan og kalda stríðið héldu innreið sína. Enginn í forystusveit íslenskra sósíalista átti í sama mæli ættir að telja til valinkunnra þingskörungna Heimastjórnar og svo Íhaldsflokksins; enda varð nánast uppnám í röðum borgaranna þegar þessi ættarlaukur var með bróður sínum kominn í slagtog með helstu bolsnum landsins.

Mér fannst Jónas ætíð telja vissa ábyrgð fylgja þessum rótum, að hugsjónin um sjálfstætt og frjálst Ísland hefði þróast í föðurhúsum og afagarði og því bæri honum skylda til að hafa þá sýn að leiðarljósi.

Námsárin í Ameríku, dvölin í Washingtonríki og Minnesota, ófu svo óvænta strengi í þennan vef, gerðu heimsmanninn, sem hann var í eðli sínu, svo vel lærðan á alþýðumenningu og tónlist þar vestra að málflutningurinn hér heima varð beittari; sjónarhorn hans þá næsta óþekkt í íslenskri umræðu.

Þessum kostum Jónasar kynntist ég vel þegar ég fylgdist náið með málflutningi hans og rökræðum við breska blaðamenn þegar

landhelgisdeilurnar stóðu sem hæst, hvernig hann kom þeim í opna skjöldu með bandarískum orðaleikjum og mælskuþróðum sem klæddu málstað og lífsbaráttu íslenskra sjómanna í búning sem gerði Bretana orðlausu; líka vegna þess að málflytjandinn bjó yfir glæsileik og herraþenngu, hávaxinn og fínn til fara, passaði að því leyti betur í House of Lords en á slorugri bryggju.

Síðar urðu kynni okkar að vináttu, samstarfi sem byggðist jafnvel meira á samtölum um allt milli himins og jarðar en daglegum skyldum á vettvangi þingsins. Þá birtist hin skarpa sýn Jónasar á mannlegt eðli þar sem fátíðleikinn gat verið jafn forvitnilegur og æðstu metorð, þar sem skilin milli leikhússins við Tjörnina og hins við Austurvöll voru stundum óljós og Jónas oft óþreyjufullur að ljúka þingstörfum og komast sem fyrst á æfingu í Íðró – eða keyra í Borgarfjörðinn, heim að skrifa.

Ég veit að Lúðvík fannst stundum nóg um ritstörfin í þingflokknum – Jónas, Svava, Stefán, Gils og síðar Ragnar og Guðrún; öll í hópi þekktara rithöfundar. Eitt sinn þegar ekkert þeirra mátti vera að því að tala í eldhúsdagi sagði sá gamli að kannski ætti hann líka að fara heim og skrifa leikrit! Sjálfsgat fannst honum að þingflokkurinn væri óðum að breytast í bókmenntaklúbb.

Jónas sá ætíð samhengið milli baráttunnar á vettvangi þjóðmálanna og skrifanna hér í Borgarfirði og í fyrri heimkynnum – og smátt og smátt varð Reykholtisdalur honum kærari en Austurvöllur.

Hann sagði mér líka að keyrslan um Hvalfjörð væri orðin honum erfið, vetrarveður, sveillbungur á bugðóttum vegi, myrkur og hríðarkóf – og þótt Guðrún væri honum við hlið eins og ætíð, væri álagið orðið of mikið ef rækta ætti áfram tengslin við fólk, tengslin sem væru honum meira virði en framinn á þingi. Borgarfjörðurinn byði skjól; dalurinn og sveitin kjörinn staður fyrir þau bæði.

Hingað komum við svo oft, við Búbba með Döllu og Tinnu, barnungar að árum, og þær systur vissu engan skemmtilegri en Jónas. Hann spjallaði og söng, sagði sögur og gaf þeim gotterí. Hann var í þeirra augum eins og privat leikhús, bara fyrir þær, og svo fylgdi með sælgæti í hléinu og jafnvel meðan á sýningunni stóð. Það voru fleiri krakkar en strákurinn prestsins sem stórðu opinmynt á þennan óvenjulega og skemmtilega mann og muna hann svo alla ævi.

Það sýnir vel mannkosti og hæfileika Jónasar að hvort sem áheyrandi var sjóari í káetunni eða bóndinn úti á túni, lesandi með blað dagsins eða nýja bók í höndum, leikhúsgestur eða breskur blaðamaður, flokkssystkin eða samstarfsmenn á Alþingi, fólk á förnum

vegi eða börn sem komu í heimsókn; allir féllu í stafi yfir hinum flotta performans.

Samt var Jónas á vissan hátt einfari, dulur og stundum annars hugar í félagsskapnum – og oft í samræðum kvöldstundanna skynjaði ég hina viðkvæmu sál, fína strengi í lágværri hörpu sem var hljóðfæri hans innra manns.

Jónas Árnason átti sér engan líka á vettvangi íslenskra stjórn mála, baráttuvelli hugsjóna friðar, jafnréttis og bræðralags. Hann var margslungnari en flestir, ef ekki allir, sem komu þar við sögu á síðari hluta tuttugustu aldar og því mikilvægt að varðveita mynd hans og framlag, gera líf hans og arfleifð áminningu um hvað felst í því að vera kjörinn fulltrúi fólksins, einkum nú þegar tilhneigingin er til að fella þjóðmál í þröngan farveg. Þá er Jónas til vitnis um að listamaður, aðgerðasinni, baráttujaxl, fræðari, heimsborgari og lífsstílskústner eru með atbeina fólksins nauðsynlegir í litrófi þess lýðræðis þar sem örlög þjóðar eru ráðin.